

## Ritstjórnargrein

# Rannsóknatengt framhaldsnám á Íslandi

Í janúar síðastliðnum var haldin 7. ráðstefna um rannsóknir í læknadeild Háskóla Íslands. Þessar ráðstefnur hafa farið vaxandi að umfangi og gæðum og síðasta ráðstefna vakti verulega athygli meðal annarra deilda Háskóla Íslands. Svipaðar vísindaráðstefnur hafa einnig verið haldnar á vegum Læknafélags Íslands og sérgreinafélaga, svo sem lyflækna, skurðlækna, augnlækna, heimilislækna auk annarra og endurspegla vaxandi þrótt og áhuga á rannsóknarstarfsemi meðal íslenskra lækna.

Formlegt rannsóknatengt nám var tekið upp við læknadeild Háskóla Íslands fyrir um það bil 10 árum að frumkvæði Helga Valdimarssonar prófessors, núverandi deildarforseta læknaeildar. Þá var komið á fót BS námi þar sem gert var ráð fyrir að stúdent ynni að rannsóknarverkefni undir umsjón kennara deildarinnar eða sérfræðinga á stofnunum tengdum læknadeild og jafngilti það nokkurn veginn einu námsári. Þó var gert ráð fyrir að læknaneminn gæti innritast í BS nám jafnhliða hefðbundnu námi í deildinni, ef hann gæti sýnt fram á að hann hefði varið til þess tíma er svaraði til heils skólaárs og fengið birta vísindagrein um rannsóknarvinnuna. Á þessu tímabili hafa alls 18 læknanemar lokið BS prófi með birtri grein í viðurkenndu tímariti og opinberum fyrirlestri. Mörg þessara BS verkefna hafa reyndar verið svo mikil að umfangi að nálgast hafi MS verkefni við aðrar deildir Háskóla Íslands.

Síðustu þrjú árin hefur vinna að rannsóknarverkefni í 10 vikur verið hluti af námi læknanema á fjórða námsári og hefur þessu námskeiði lokið með ritgerð og kynningu á verkefnum á sérstakri rannsóknarráðstefnu. Mörg þessara verkefna hafa síðan orðið uppistaða í greinum sem birst hafa hér í Læknablaðinu. Þetta rannsóknarnámskeið hefur einnig leitt til aukins áhuga læknanema á vísindavinnu og hafa fjölmargir læknanemar unnið áfram að viðkomandi rannsóknarverkefni til BS prófs.

Fyrir þremur árum voru samþykktar reglur

um MS nám (meistarapróf) við læknadeild Háskóla Íslands. Rétt til að innritast í það nám hafa þeir sem lokið hafa BS prófi í líffræði, læknisfræði, hjúkrunarfræði eða sjúkráþjálfun frá Háskóla Íslands eða öðru háskólaprófi sem læknadeild telur að feli í sér viðeigandi undirbúning til námsins. MS nám er þannig 60 eininga framhaldsnám og rannsóknarverkefnið skal vera minnst 30 námseiningar en mest 45, en skipulögð námskeið 15–30 einingar. Námskandídat skal dvelja minnst tvö kennslumisseri við læknadeild Háskóla Íslands eða stofnun henni tengdri, en námið getur að hluta farið fram við aðra deild Háskóla Íslands eða við erlenda háskóla samkvæmt samningi. Námið felur í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og er ritgerð byggð á eigin rannsóknnum hluti námsins. Náminu lýkur síðan með munnlegu prófi (opinn fyrirlestur). MS nám er því að jafnaði tveggja ára nám, enda þótt því megi ljúka á einum vetri og tveimur sumrum. Tveir líffræðingar hafa nú þegar lokið MS námi við læknadeild en 14 eru innritaðir til þessa náms, flestir þeirra líffræðingar, einn hjúkrunarfræðingur og einn læknanemi sem þegar hefur lokið BS prófi við læknadeild. Þessir MS kandídatar vinna rannsóknarverkefni sín við mismunandi deildir eða stofnanir læknadeildar (Tilraunastöðina að Keldum, Rannsóknarstofu HÍ í ónæmisfræði, Rannsóknarstofu HÍ í lífeðlisfræði, Rannsóknarstofu HÍ í frumulíffræði, Rannsóknarstofu í heilbrigðisfræði og fleiri).

Læknadeild hefur þó ekki fengið sérfrjárveitingu til rannsóknatengds náms eða framhaldsnáms við deildina og hefur það tafið að komið hafi verið upp skipulögðum námskeiðum fyrir MS nema. Þó hafa rannsóknarstofnanir innan læknadeildar komið upp eigin námskeiðum sem nýtast til MS náms, svo sem Rannsóknarstofa í ónæmisfræði og fleiri, en að öðru leyti hafa MS nemar þurft að sækja þessi námskeið til annarra deilda háskólans eða til útlanda. Læknadeild greiðir umsjónarkennara í MS

námi vissa þóknun en hins vegar ekki laun til MS-nema né heldur rannsóknarkostnað, en vísar í því sambandi á Rannsóknarnámssjóð sem stofnaður var af Menntamálaráðuneytinu fyrir fáeinum árum til að styrkja meistaraþrófsnám við Háskóla Íslands. Árlegar styrkveitingar úr þessum námssjóði eru nú um 25 milljónir króna og læknadeild er þar að sjálfsögðu í samkeppni við aðrar deildir háskólans. Að öðru leyti er umsjónarkennurum og MS stúdentum bent á aðra vísindasjóði, svo sem Rannsóknarsjóð Háskóla Íslands, Rannsóknarsjóð Íslands og fleiri.

Það er athyglisvert að enginn læknir hefur enn innritast til MS náms við læknadeild, að undanskildum einum frábærum læknanema sem þegar hefur lokið BS prófi og vinnur MS verkefni samhliða lokaprófi við læknadeild. Slíkt MS nám, til dæmis að loknu eins árs starfi deildarlæknis, gæti komið viðkomandi lækni að verulegum notum við frekara framhaldsnám erlendis í harðri samkeppni um bestu háskólastaðina. Slíkt MS nám kemur að vísu ekki nema að hluta til inn í þær kröfur sem gerðar eru til sérfræðiviðurkenningar á Íslandi, en enginn efi er á að slík gráða nýtist viðkomandi lækni hérlendis svo ekki sé minnst á launaflokka og mat við umsóknir um stöður.

Hér skal þó sérstaklega bent á að rannsókn-

arvinnan í slíku MS verkefni kemur til með að nýtast að öllum líkindum sem hluti af doktorsverkefni læknisins ef hann hefði hug á að vinna að slíku þegar hann kæmi aftur til Íslands að loknu sérnámi. Á síðastliðnu ári samþykkti læknadeild Háskóla Íslands að taka upp formlegt doktorsnám við deildina. Gert er ráð fyrir að slíkt nám taki fimm ár en læknadeild er heimilt að meta nám umfram BS próf, eða sambærilegt nám, svo og fyrri rannsóknarstörf inn í doktorsnámið. Þannig er unnt að innritast á öllum stigum doktorsverkefnisins í slíkt doktorsnám, það er að segja alveg frá byrjun eða leggja fram fullgerða doktorsritgerð eins og áður tíðkaðist. Tveir læknar hafa nú þegar innritast til doktorsnáms við læknadeildina og fleiri eru væntanlegir.

Enginn vafi er á því að rannsóknatengt nám og framhaldsnám á vegum læknadeildar hefur orðið veruleg lyftistöng fyrir íslenska rannsóknarstarfsemi og fer hratt vaxandi. Æskilegt væri að íslenskir unglæknar kæmu þar meira inn í og hugleiddu þann möguleika að stunda þennan hluta námsins að nokkru leyti hér heima til eflingar íslenskum rannsóknnum en legðu jafnframt grunn að sinni eigin rannsóknarframtíð hérlendis.

**Gunnar Sigurðsson**